

Hverfisráð Hríseyjar

81. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði þriðjudaginn 24. júní klukkan 16:00 í Hlein.
Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson.

Dagskrá:

Innsend bréf

1. Holdi ehf. óskar eftir stækkun á beitolandi samkvæmt loftmynd af svæðinu. Hverfisráð veitir leyfi til reynslu í eitt ár til 1. júlí 2015 en setur þau skilyrði jafnframt að gripirnir verði innan girðingar.
2. Varðandi sundlaugina
Elín Gísladóttur hjá Sundlaugum Akureyrarbæjar óskar eftir því að Hverfisráð sendi óskir um opnunartíma sundlaugarinnar næsta vetur.
Hverfisráð óskar eftir því að haft verði samráð við Hríseyjarskóla til að hægt sé að samræma opnunartíma sundlaugar og stundatöflu þannig að vinnutími starfsmanns nýtist sem best og að þannig megi hafa opnunartímamann rýmri en áður.
3. Anton greindi frá því að aðstöðuhús á Árskógssandi sé í farvegi.
4. Hverfisráð lýsir yfir óánægju með umgengi og aðbúnað á gámasvæðinu í Hrísey. Svæðið er opið og er hættulegt leiksvæði barna og mjög ósnyrtilegt útsýnið frá götunni. Óskum við eftir því að gengið sé í málið og aðkoman löguð sem fyrst. Einnig að hafist verði handa við að byggja í kringum grendarstöðvarnar í þorpinu eins og hefur staðið til.
5. Hverfisráð Hríseyjar er bjartsýnt á atvinnuþróun í eyjunni í dag og sýnist málin vera að þróast til betri vegar.
6. Ýmis mál rædd en ekki færð til bókar.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:00.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur
Meðfylgjandi eru myndir sem teknar voru á gámasvæðinu 25. júní 2014.







